

## Fréttatilkynning

### **Ásmundur Einar Daðason gengur til liðs við Framsókn**

Undirritaður hefur ákveðið að ganga til liðs við Framsóknarflokkinn. Framsókn hefur á undanförunum tveimur árum tekið mjög jákvæðum breytingum. Undir formennsku Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar hefur átt sér stað mikil endurnýjun og flokkurinn hefur haldið uppi skynsamlegum málflutningi á mörgum sviðum.

Sem dæmi má nefna að:

- Framsókn hefur staðið með skuldsettum heimilum og barist fyrir almennri leiðréttingu á skuldum heimila og fyrirtækja. Tillögur Framsóknar til lausnar á skuldavandanum hafa verið raunhæfar og skynsamlegar. Almenn leiðrétting skulda hefði haft mikil áhrif þegar kæmi að hagvexti og myndi hindra fólksflóttu frá landinu.
- Framsókn hefur sýnt öflugan málflutning þegar kemur að málefnum landsbyggðarinnar og nýsamþykktar tillögur flokksþings Framsóknarmanna byggja auðsjáanlega á þeim grunni.
- Framsókn hefur kynnt ítarlega stefnu í atvinnumálum. Þar er að finna framsæknar lausnir sem byggja á fjölbreytileika og öflugri byggð allt í kringum landið.
- Framsókn hefur barist hart gegn löglausum kröfum Breta, Hollendinga og ESB í Icesave málinu. Með því sýndi flokkurinn mikla stefnufestu og stóð með meirihluta þjóðarinnar frá fyrsta degi.
- Framsókn breytti á síðasta flokksþingi stefnu sinni í Evrópumálum og leggst nú alfarið gegn aðild Íslands að ESB og því aðlögunarferli sem þar er í gangi. Með þessu steig flokkurinn mikilvægt skref. Í ljósi stefnufestu í öðrum málum er ljóst að Framsókn mun á næstunni gegna forystuhlutverki í baráttunni gegn ESB aðild Íslands.

Þær áherslur sem nefndar eru hér að ofan eru í fullu samræmi við yfirlýsingar og loforð sem undirritaður gaf kjósendum í aðdraganda síðustu alþingiskosninga.

Í ljósi ofanritaðs og fleiri þátta hefur undirritaður ákveðið að ganga til liðs við Framsóknarflokkinn.

Ásmundur Einar Daðason